



Sveitarfélagið Stykkishólmur

Endurskoðunarskýrsla 2022

Ársreikningur 2022

—

Maí 2023





Efnisyfirlit

01	Inngangur	3
02	Niðurstöður endurskoðunar	4
03	Umfang endurskoðunar	5
04	Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda	6
05	Áherslur í endurskoðun	7
06	Ítarefni	17
07	Viðaukar	21

Inngangur

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2022 og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur.

Við munum fúslega ræða þau mál frekar sem fram koma í skýrslunni.

Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar uppfylli kröfur laga.

Endurskoðun okkar mun ljúka samhliða áritun sveitarstjórnar og gerum við ráð fyrir að árita ársreikning sveitarfélagsins með fyrirvaralausri áritun þegar sveitarstjórn hefur samþykkt hann og mál sem fram koma á blaðsíðu 4 eru frágengin

Skýrsla þessi verður formlega gefin út og undirrituð þegar við höfum lokið endurskoðuninni.

Við viljum benda ykkur á mikilvæg atriði á blaðsíðu 20 sem útskýra:

- tilganginn með skýrslunni;
- hvaða takmarkanir eru á vinnunni sem fram fór,
- takmörkun á ábyrgð

Helstu niðurstöður endurskoðunar

Áherslur í endurskoðun

- Innra eftirlit og sniðganga stjórnenda á eftirliti
- Stjórnsýsluskoðun
- Önnur atriði

Óleiðréttir mismunir

Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra undir lok endurskoðunarinnar.

Ekki er um að ræða óleiðréttá mismuni við lok endurskoðunar.

Mál frágengin samhliða seinni umræðu um ársreikning

- Staðfestingabréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar
- Undirrituð áritun endurskoðanda
- Lokaútgáfa endurskoðunarskýrslu

Mikilvægi

66 m.kr. 



Greint frá skekkjum yfir

3 m.kr.

Umfang endurskoðunar

- Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samantekin reikningskil A og B hluta en undir hann falla sveitarsjóður, stofnanir og fyrirtæki þess, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Yfirlit yfir umfang endurskoðunar má sjá á bls. 5

Veikleikar í stjórnsýslu

- Ekki komu fram verulegir veikleikar við könnun okkar á stjórnsýslu.
- Í sérstakri skýrslu okkar til stjórnenda höfum við komið á framfæri ýmsum ábendingum í kjölfar stjórnsýsluskoðunar okkar.

Veikleikar í innra eftirliti

Verulegir veikleikar í innra eftirliti:

- Aðgreining starfa er í ákveðnum tilvikum ekki fullnægjandi með hliðsjón af heimildum viðkomandi í fjárhagskerfum. **1**

Aðrir veikleikar í innra eftirliti:

- Aðrir minniháttar veikleika í innra eftirlit **2**

Umfang endurskoðunar

Umfang endurskoðunar Sveitarfélagið Stykkishólmur 2022				
Sjóður / félag		Hlutfall tekna	Nálgun	Endurskoðandi
Sveitarfélagið Stykkishólmur		90,9%	Endurskoðaður ársreikningur	KPMG
<i>Aðalsjóður</i>	<i>A hluti</i>			
<i>Eignasjóður</i>	<i>A hluti</i>			
<i>Þjónustustöð</i>	<i>A hluti</i>			
<i>Félags-og skólaþjónusta Snæf</i>	<i>Samstarfsverkefni A hluta</i>	5,1%	Óendurskoðaður ársreikningur	Deloitte
<i>Hafnarsjóður</i>	<i>B hluti</i>			
<i>Fráveita</i>	<i>B hluti</i>			
<i>Dvalarheimili</i>	<i>B hluti</i>			
<i>Þjónustuíbúðir</i>	<i>B hluti</i>			
<i>Gagnaveita Helgafellssveitar ehf.</i>	<i>B hluti</i>	0,1%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
<i>Náttúrustofa Vesturlands</i>	<i>B hluti</i>	3,5%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
<i>Fasteignir Stykkishólms ehf</i>	<i>B hluti</i>	0,5%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
		100,0%		

Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samstæðuársreikning sveitarfélagsins en undir hann falla sveitarsjóður, stofnanir og fyrirtæki þess, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Við mat á umfangi er horft til tekna hvorrar einingar sem fellur undir samstæðuna og er hlutfallsleg skipting sýnd hér að ofan.

Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sveitarfélagsins Stykkishólms fyrir árið 2022, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarstjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægir reikningskilaáferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflið nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilaanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Mérkmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beittum við évallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem verður endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningskilaáferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningskilaanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflið er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og inniheld ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna verðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulegi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og þerum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atviki sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Stykkishólmur, xx. xxx 2023

KPMG ehf.

Verulega áhætta

01 Möguleg sniðganga stjórnenda á eftirliti

Lýsing á áhættu

- Stjórnendur eru í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðganga eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig haft áhrif á reikningsskilin.
- Lýsa áhættum hjá sveitarfélaginu sem tengjast sniðgöngu stjórnenda, ef við á.

Endurskoðunin

- Við skilgreindum og prófuðum virkni eftirlitspátta með færslum og lokafærslum.
- Við lögðum mat á hvort breytingar á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat á milli ára væru viðeigandi og hvort hætta hafi skapast á hlutdrægni stjórnenda.
- Við skoðum veruleg viðskipti sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru óvenjuleg að einhverju leyti og mátum hvort þau væru viðeigandi.
- Við leitum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

Niðurstöður okkar

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.

Aðrar áherslur í endurskoðun

02 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Skilgreining

- Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.
- Stjórnendur eru í aðstöðu til að eiga við fjárhagsfærslur og geta sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig haft áhrif á reikningsskilin.

Viðbrögð í endurskoðuninni

- Með fyrirspurnum, yfirferð fundargerða og skoðun á gögnum metur endurskoðunarteymi styrkleika þess eftirlitsumhverfis sem til staðar er.
- Lykilferlar eru yfirfarnir með það að markmiði að bera kennsl á eftirlitsþætti sem stjórnendur hafa komið á til að bregðast við hættu á verulegri skekkju.
- Aðgreining starfa er könnuð t.d. með yfirferð á heimildum starfsmanna, aðgangsstýringum og öðrum þáttum í upplýsingakerfum sveitarfélagsins.
- Úrtaksprófanir eru framkvæmdar til staðfestingar á annars vegar réttmæti og tilurð kostnaðar og hins vegar til yfirferðar á heimildum aðila til samþykktar.
- Við prófum eftirlit stjórnenda með framvindu fjárhagsáætlana.

Niðurstöður okkar

Mikilvægt er að huga að aðskilnaði starfa við úthlutun heimilda í fjárhagskerfum eins og kostur er með hliðsjón af umfangi skrifstofu. Rétt er að tryggja að ekki séu sömu aðilar með heimildir til færslu bókhalds og/eða samþykkt reikninga og greiðslu.

Við skoðun okkar komu ekki fram aðrir verulegir veikleikar á innra eftirliti.

Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur eftir því sem við hefur átt.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2023.

Aðrar áherslur í endurskoðun

03 Stjórnsýsluskoðun

Lýsing á áhættu

- Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.
- Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Endurskoðunin

- Kannað verður hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.
- Verður í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurstöður okkar

Ekki komu fram verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til sveitarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2023.

Aðrar áherslur í endurskoðun

04 Rekstrartekjur

Skilgreining

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Sundurliðun rekstrartekna má sjá í skýringu 4 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, úrtaksskoðun annarra tekna, staðfesting við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu rekstrartekna í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

05 Laun og launatengd gjöld

Skilgreining

Laun og launatengd gjöld námu 1.367 millj. kr. vegna ársins 2022 eða um 60% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Sundurliðun launa og tengdra gjalda má sjá í skýringu 5 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felur meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, yfirferð á eftirlitsaðgerðum tengdum launaferli auk staðfestinga á samkvæmni gjaldfærslu fjárhagsbókhalds og útreiknings launakerfis.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu launa og launatengdra gjalda í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

06 Varanlegir rekstrarfjármunir

Skilgreining

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010.

Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning. Endurmat á árinu var jákvætt um 75 millj. kr.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 8 með ársreikningi

Endurskoðunin

Endurskoðun felur meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, yfirferð og úrtaksskoðun á kostnaði tengdum fjárfestingum ársins.

Yfirferð og endurreikningur á fyrningarskýrslum og gjaldfærslu afskrifta sem og áætluðum líftíma eigna.

Farið er yfir samanburð fjárfestinga og fjárfestingaáætlunar og skýringa leitað á helstu frávikum.

Yfirferð á forsendum og útreikningi vegna endurmats lóða og lendna.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu varanlegra rekstrarfjármuna í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

07 Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Skilgreining

Stofnframlög og eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 210,9 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2022.

Stærstu eignarhlutir í árslok voru 2% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 93,5 millj. kr. og 27% eignarhlutur í Jeratúni ehf. sem bókfærður er á 111,5 millj. kr. í A og B hluta skv. hlutdeildaraðferð.

Í A hluta sveitarfélagsins er eignarhluturinn færður á kostnaðarverði að fjárhæð 52,9 millj. kr. Hlutdeild minnihluta í afkomu Jeratúns ehf. nemur á árinu 2022 14,5 millj. kr.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar á eignarhlutum í félögum yfirforum við m.a. mat á eignarhlutum og réttmæti reikningshaldslegrar meðferðar þeirra og framsetningu.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu stofnframlaga og eignarhluta í félögum í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

08 Samrekstrareiningar

Skilgreining

Á árinu 2021 var gerð breyting á reglugerð 1212/2015, þar sem sveitarfélögum er nú gert að færa inn í samantekin reikningsskil sín byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaforn með ótakmarkaðri ábyrgð miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, sjá 3. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar.

Því ber sveitarfélagi að færa hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags viðkomandi eignarhluta. (hlutfallsleg samstæða).

Breytingin tók gildi fyrir árið 2021 en heimilt var að fresta innleiðingu breytingar til ársins 2022.

Hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi eru það eftirfarandi samrekstrareiningar sem féllu undir framangreint ákvæði. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga ásamt Náttúrustofu Vesturland sem kemur inn sem B hluta stofnun á árinu.

Samrekstrareiningar þessar eru teknar hlutfallslega inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins.

Umrædd breyting er gerð afturvirk og af því leiðir að samanburðarfjárhæðir ársins 2021 breytast.

Nánari grein er gerð fyrir áhrifum breytingarinnar í skýringu 24 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við höfum yfirfarið mat sveitarfélagsins á því hvaða einingar falla undir viðkomandi ákvæði.

Við höfum yfirfarið framsetningu og framkvæmd innleiðingar á reikningsskilaaðferðinni.

Við höfum yfirfarið skýringar í ársreikningnum sem tengjast samrekstrareiningunum.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu og framsetningu samrekstrareininga í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

09 Skuldir við lánastofnanir

Skilgreining

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.

Á hverjum reikningsskiladegi er viðkomandi lán fært upp miðað við gildandi vísitölu eða gengi uppgjörsdags ef lán er í erlendri mynt.

Áfallnir vextir eru uppreiknaðir og færðir meðal skammtímaskulda ef þeir eru greiðslukræfir innan 12 mánaða.

Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 17 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar höfum við m.a. aflað staðfestinga frá fjármálastofnunum um stöðu skulda í árslok, beitt greiningaraðgerðum, endurreiknað fjárhagsskilyrði og yfirfarið framsetningu.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu skulda við lánastofnanir í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

10

Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Skilgreining

Innviðaráðherra staðfesti þann 4. apríl 2022 sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar í eitt sveitarfélag en íbúar sveitarfélaganna samþykktu sameininguna þann 26. mars 2022. Sameinað sveitarfélag tók formlega til starfa þann 29. maí 2022.

Ársreikningur sameinaðs sveitarfélags er settur fram frá 1. janúar 2022 í samræmi við samlegðar aðferð. Í skýringu nr. 23 er gerð grein fyrir áhrifum sameiningar á samanburðarfjárhæðir en þær eru jafnframt birtar miðað við samanlagðan rekstur sveitarfélaganna.

Slík framsetning er í samræmi við íslensk ársreikningalög þegar samlegðaraðferðinni er beitt og er jafnframt til samræmis við þá framsetningu sem tíðkast hefur við sameiningar sveitarfélaga.

Í lykiltöluyfirlitum er tekið tillit til áhrifa sameiningar fyrir árin 2022 og 2021 en lykiltölur árána 2020, 2019 og 2018 eru settar fram í samræmi við áður birta ársreikninga Stykkishólmsbæjar

Endurskoðunin

Við yfirlýðingum og staðfestum stöður einstaka efnahagsliða Helgafellssveitar í upphafi árs og röktum í undirgögn.

Við yfirlýðingum þær leiðréttingar sem stjórnendur gerðu á upphafsstöðum og lögðum mat á röksemdir stjórnenda fyrir breytingunum.

Við yfirlýðingum forsendur og nákvæmni útreikninga að baki upphafsstöðum efnahagsreiknings.

Við yfirlýðingum breytingu á samanburðartölum og framsetningu þeirra.

Við höfum yfirlýðingum skýringar í ársreikningnum sem tengjast sameiningu sveitarfélaganna.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu og framsetningu á samanburðarfjárhæðum í ársreikningi sameinaðs sveitarfélags.

Ítarefni

Efnisyfirlit

bls.

Upplýsingar sem skylt er að veita	18
Óhæði	19
Fyrirvarar	20

Aðrar upplýsingar til sveitarstjórnar

● Engin atriði sem þarf að upplýsa um

● Atriði sem þarf að upplýsa um

Atriði	Viðbrögð
Staðfestingabréf stjórnenda	<ul style="list-style-type: none">● Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2022.
Tengdir aðilar	<ul style="list-style-type: none">● Það komu ekki upp veruleg atriði vegna tengdra aðila í endurskoðun okkar.
Önnur atriði sem við viljum vekja athygli á	<ul style="list-style-type: none">● Það er faglegt mat okkar að ekkert hafi komið fram í endurskoðuninni sem hefur veruleg áhrif á reikningsskilagerðina.
Veikleikar í innra eftirliti	<ul style="list-style-type: none">● Við höfum greint stjórnendum frá helstu veikleikum í innra eftirliti sem komu fram við endurskoðunina.
Áritun á ársreikninginn	<ul style="list-style-type: none">● Áritun okkar á ársreikning sveitarfélagsins verður fyrirvaralaus.
Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólöglegt athæfi	<ul style="list-style-type: none">● Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda sveitarfélagsins eða starfsmanna í lykilstöðum innra eftirlits sem leiðir til verulegrar skekkju í ársreikningi.
Ytri sérfræðingar	<ul style="list-style-type: none">● Við endurskoðunina byggðum við á vinnu sérfræðings, tryggingastærðfræðings, utan KPMG sem hefur staðfest óhæði sitt gagnvart sveitarfélaginu og þeim lífeyrissjóðum sem úttekt skuldbindingar er framkvæmd vegna.
Umbeðin gögn og skýringar	<ul style="list-style-type: none">● Stjórnendur veittu okkur öll gögn og skýringar sem við óskuðum eftir.

Atriði	Viðbrögð
Verulegir erfiðleikar	<ul style="list-style-type: none">● Ekki komu upp verulegir erfiðleikar við endurskoðunina.
Ágreiningur við stjórnendur eða takmörkun á umfangi	<ul style="list-style-type: none">● Ekki kom upp ágreiningur milli endurskoðunarteymis og stjórnenda. Stjórnendur settu ekki takmarkanir á umfang endurskoðunarinnar.
Staðfesting á óhæði	<ul style="list-style-type: none">● Ekki kom upp brot á óhæðisreglum við endurskoðunina. Endurskoðunarteymið og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni hafa fylgt siðareglum um óhæði.
Reikningskilaaðferðir	<ul style="list-style-type: none">● Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins. Almenn tölur við þessi atriði vera viðeigandi.
Veruleg atriði sem voru rædd eða á að greina stjórnendum frá	<ul style="list-style-type: none">● Farið var yfir helstu niðurstöður endurskoðunar með stjórnendum.
Rekstrarhæfi	<ul style="list-style-type: none">● Ekki komu fram atburðir eða aðstæður sem gætu vakið verulegar efasemdir um getu sveitarfélagsins til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi.

Óhæði

Við útgáfu þessarar skýrslu staðfestum við að það ekki hafa komið upp atriði sem skerða óhæði okkar eða draga úr hlutleysi.

Sem endurskoðunarfyrtæki erum við skuldbundin til að vera óháð í reynd og í ásýnd. Við höfum metið og staðfest óhæði okkar sem endurskoðenda og óhæði allra starfsmanna okkar sem koma að endurskoðuninni.

Alþjóðlegur endurskoðunarstaðall ISA 260 og lög um endurskoðendur kveða á um skyldu okkar til að upplýsa um öll mál sem ætla má að geti haft áhrif á óhæði okkar, tilgreina þær varúðarráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna þeirra mála og að staðfesta óhæði okkar.

Í samræmi við siða- og óhæðisreglur ber öllum eigendum og starfsmönnum KPMG að staðfesta árlega að þeir hafi farið að reglum um óhæði, þar á meðal að þeir eigi ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem ganga gegn óhæðisreglum.

Eftir að hafa farið yfir framangreint og önnur viðeigandi atriði er það mat okkar að KPMG sé óháð í samræmi við lög, reglur og endurskoðunarstaðla.

Fyrirvari

Skýrslan er gerð í samræmi við skilmála bréfs okkar um endurskoðun.

- Takmörkuð á ábyrgð
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar við endurskoðun okkar.

Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2022, sem gerður hefur verið í samræmi við lög um ársreikninga.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera sveitarstjórn og sveitarstjóri, í því skyni að upplýsa um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 Samskipti við stjórnendur, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og teljum að geti verið áhugaverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lykilaatriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar en ekki er um að ræða endurtekningu á atriðum sem við höfum þegar tilkynnt ykkur um.

Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til ykkar upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað sem endurskoðendur ykkar. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heild slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

Takmörkun á ábyrgð

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu, en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila, sé vitnað í hana eða vísað til hennar að hluta eða í heild.

Viðaukar

Efnisyfirlit

bls.

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir

22

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2023-2026

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.

Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.

Sveitarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2026 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Athygli er vakin á að sem hluti af aðgerðum í tengslum við Covid 19 er sveitarstjórnnum heimilað að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul., 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga við stjórn sveitarfélagsins, þ.e. um jafnvægisreglu og skuldahlutfall, á tímabilinu frá 2021 til 2025. Gangi áætlanir eftir mun sveitarfélagið standast viðmið um rekstrarjöfnuð og skuldahlutfalli í lok árs 2025.

Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin sem áætlanir ná til.

Sjá nánar blaðsíðu 23 þar sem fjallað er um þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2026 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþyktri áætlun.

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2023-2026

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2026 í samanburði við fjárbörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	2.046.149	2.270.640	2.283.287	2.340.984	2.411.853	2.510.846
Rekstrargjöld án afskrifta	(1.880.515)	(2.016.438)	(1.889.844)	(1.920.306)	(1.968.828)	(2.012.814)
Afkoma fyrir afskriftir	165.633	254.203	393.442	420.677	443.025	498.031
Afskriftir	(98.779)	(102.503)	(97.961)	(105.274)	(112.321)	(119.800)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(147.071)	(246.025)	(189.389)	(143.261)	(120.105)	(111.320)
Hlutdeild minnihluta í afkomu	16.228	14.510	8.997	8.997	8.997	8.997
Rekstrarniðurstaða	(63.989)	(79.815)	115.089	181.140	219.595	275.909
Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili	(58.068)	(218.409)	(28.715)	216.414	515.825	676.645
Veltufé frá rekstri, skv. sjóðstreymi	208.219	244.201	321.845	323.215	347.831	385.860
Afborganir langtímalána og skuldbindinga	(190.648)	(207.342)	(232.585)	(228.343)	(216.530)	(220.927)
Greiðsluafgangur (fjárbörf)	17.571	36.859	89.260	94.872	131.301	164.933
Uppsafnaður greiðsluafgangur 2023-2026, eftir afborganir lána			89.260	184.132	315.433	480.366
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2023-2026			(135.948)	(209.327)	(170.326)	(213.327)
Uppsöfnuð fjárbörf 2023-2026, vegna fjárfestingar			(135.948)	(345.275)	(515.601)	(728.928)
Uppsöfnuð fjárbörf 2023-2026			(46.688)	(161.143)	(200.168)	(248.562)
Uppsöfnuð lántaka 2023-2026			59.681	189.681	239.681	299.681
Uppsafnaður greiðsluafgangur 2023-2026 (óþjármögnuð fjárbörf í áætlunum)			12.993	28.538	39.513	51.119
Heildarskuldir	2.774.936	2.941.451	2.853.156	2.842.893	2.743.951	2.651.229
Skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð	136%	130%	125%	121%	114%	106%
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð	108%	107%	111%	107%	100%	93%

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2023-2026

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.


Athygli er vakin á að sem hluti af aðgerðum í tengslum við Covid 19 er sveitarstjórnnum heimilað að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul., 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga við stjórn sveitarfélagsins, þ.e. um jafnvægisreglu og skuldahlutfall, á tímabilinu frá 2021 til 2025.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2020, 2021 og 2022 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning og samanlagða ársreikninga samruna sveitarfélaga fyrir viðkomandi ár, en 2023 til 2026 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Rekstur ársins 2020 hefur ekki verið leiðréttur fyrir áhrifum samstarfsverkefna sem sveitarfélagið ber ótakmarkaða ábyrgð á.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára, í þús. kr.



Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2023-2026

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.


Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2021 og 2022 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2023 til 2026 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.

Framlegðarhlutfall



Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2023-2026

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2021 og 2022 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2023 til 2026 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskulddum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldahlutfall



Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2023-2026

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.


Samkvæmt gildandi reglugerð skal draga veltufjármuni frá heildarskuldum við útreikning en áður var hreint veltufé dregið frá heildarskuldum við útreikning skuldaviðmiðs.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2021 og 2022 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2023 til 2026 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið





kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.